

Þingeyjarsveit  
 Bjarni Reykjalín,  
 skipulagsfulltrúi  
 Kjarna  
 650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. maí 2014  
 Tilvísun: UST20140500080/ksj


### Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022.


Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 30. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 – 2022. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingu felst að skilgreint verður nýtt svæði fyrir þjónustustofnanir í landi Kárhóls í Reykjadal. Áætlað er að svæði fyrir þjónustustofnanir verði starfrækt alþjóðleg rannsóknarstöð. Einnig er ætlunin að reka þar gestastofu fyrir ferðamenn til kynninga og upplýsinga um eðli norðurljósa.

Kárhóll er norðarlega í vestanverðum Reykjadal. Tillaga er um að áætlað svæði fyrir þjónustustofnanir verði staðsett á hóli milli túna og skógræktarsvæðis, norðvestur af bæjarhúsunum.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022.

Virðingarfallst

  
 Kristín S Jónsdóttir  
 Sérfræðingur

  
 Björn Stefánsson  
 Sérfræðingur

Skipulagsstofnun